

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2014****2014/EES/71/09****frá 27. júní 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2014 frá 31. janúar 2014 um að tilgreina málsmeðferð við breytingar á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 89/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar(Cu-HDO) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 90/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja dekansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4, 18 og 19 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 91/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja S-metóþren sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 92/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja sineb sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja oktansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4 og 18 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 94/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja joð, þ.m.t. pólývínýlpýrrólídonjoð, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 3, 4 og 22 ⁽⁷⁾.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12nl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 564/2013) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nm. **32014 R 0088**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2014 frá 31. janúar 2014 um að tilgreina málsmeðferð við breytingar á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 3).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 16.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 19.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 23.

- 12nn. **32014 R 0089**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 89/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja bis(N-sýklóhexýldiaseníumdíoxý)-kopar(Cu-HDO) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 6).
- 12no. **32014 R 0090**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 90/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja dekansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4, 18 og 19 (Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 9).
- 12np. **32014 R 0091**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 91/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja S-metópren sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 13).
- 12nq. **32014 R 0092**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 92/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja síneb sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 16).
- 12nr. **32014 R 0093**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja oktansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4 og 18 (Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 19).
- 12ns. **32014 R 0094**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 94/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja joð, þ.m.t. pólývínýlpýrrólídonjoð, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 3, 4 og 22 (Stjtið. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 88/2014, (ESB) nr. 89/2014, (ESB) nr. 90/2014, (ESB) nr. 91/2014, (ESB) nr. 92/2014, (ESB) nr. 93/2014 og (ESB) nr. 94/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.